

## **X. Tillaga til 398. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 4. maí 2017.**

Tillaga Gísla Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra, 2. maí 2017.

Í framhaldi af umfjöllun í bæjarráði og í samræmi við fyrirbyggjandi minnisblað bæjarstjóra er lagt til að Ísafjarðarbær segi sig úr Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest) á ársfundi byggðasamlagsins 2017 og geri jafnframt eftirfarandi tillögu til ársfundarins og aðildarsveitarfélaga BsVest vegna málefna fatlaðs fólks á Vestfjörðum.

Sveitarfélög á Vestfjörðum geri með sér nýjan samning um sameiginlegt þjónustusvæði á Vestfjörðum vegna þjónustu við fatlað fólk. Samningurinn kveði á um að Ísafjarðarbær taki við ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk á Vestfjörðum. Ísafjarðarbær verði þannig leiðandi sveitarfélag á Vestfjörðum með sama hætti og sveitarfélagið Skagafjörður er leiðandi fyrir þjónustusvæðið á Norðurlandi vestra. Stjórn og framkvæmd samningsins verði í höndum bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Fjárhagsleg ábyrgð á rekstri málaflokks fatlaðs fólks verði sameiginleg með þáttökusveitarfélögunum, líkt og nú er hjá BsVest. Verkefnahópur BsVest haldi óbreyttu hlutverki, þ.e. verði ráðgefandi um fjárhagsáætlanir, rekstrarupplýsingar, þjónustustig innan svæðis, stöðugildaþörf og starfsáætlanir starfsstöðva. Þjónustusamningar sveitarfélaganna, sem nú eru við BsVest, verði við Ísafjarðarbæ. Sveitarfélögin sinni eftir sem áður nærþjónustu, s.s. ráðgjöf, stuðningsfjölskyldum og frekari liðveislu en Ísafjarðarbær hafi alfarið á sínu sviði sólarhringsþjónustu, skammtí mavistun og iðju/hæfingu.